Mögulegt er að fylla eyðublaðið út beint á skjánum.
Munið að prenta það út og skrifa undir.

Prenta skjal

Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

# Kæra til innviðaráðuneytisins

á grundvelli 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

111. gr. Stjórnsýslukæra

*Aðila máls er heimilt að kæra til ráðuneytisins ákvarðanir um rétt eða skyldu manna sem lúta eftirliti þess skv. 109. gr.*
*Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun, nema lög mæli á annan veg. Um kæruleiðbeiningar, kærufrest og meðferð kærumáls fer að öðru leyti að ákvæðum stjórnsýslulaga.*
*Þrátt fyrir 2. mgr. 109. gr. er þó hægt að bera undir ráðherra samkvæmt þessari grein ákvörðun sveitarfélags um uppsögn starfsmanns, enda eigi hún rætur að rekja til brota hans í starfi, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, til athafna í starfi eða utan þess sem þykja ósamrýmanlegar starfinu eða til annarra sambærilegra ástæðna.*

Kærueyðublað þetta er til leiðbeiningar. Hvorki er skilyrði að kæra berist á eyðublaðinu né heldur að lögmaður sjái um málarekstur í kærumálinu fyrir hönd aðila máls.

**Málsmeðferð hjá ráðuneytinu.**

1. Kæranda er tilkynnt bréflega um móttöku kæru.
2. Ráðuneytið óskar eftir umsögn viðkomandi stjórnvalds.
3. Umsögnin er kynnt kæranda og honum gefinn kostur á andmælum.
4. Ráðuneytið tekur málið til úrskurðar þegar rannsókn þess er lokið.
5. Kæranda og stjórnvaldi er sendur skriflegur úrskurður.

**Hverjir geta kært?**

Þeir einstaklingar sem eiga lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins, geta lagt fram kæru á grundvelli 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr, 138/2011 og sama gildir um félög og stofnanir.

**Upplýsingar um kæranda.**

| Fullt nafn | | Kennitala |
|---|---|---|
| Heimili | | Netfang |
| Póstnúmer | Sveitarfélag | |
| Sími (heima) | Sími (gsm) | Sími (vinna) |

Ef kært er fyrir hönd annars manns skal skriflegt umboð fylgja kæru. Hægt er að nálgast fyrirmynd slíks umboðs á heimasíðu ráðuneytisins.

**Upplýsingar um kæruefni.**
**Nafn þess sveitarfélags, stofnunar, nefndar eða ráðs sem kæra beinist að.**

**Hvaða ákvörðun er kærð (í stuttu máli)?**

**Hvers er krafist?**
Hér getur kærandi gert grein fyrir kröfu sinni.

**Rökstuðningur kæru.**

Æskilegt er að hér komi fram upplýsingar um það hvers vegna kærandi telur að fallast eigi á kröfur hans. Ekki er nauðsynlegt að vísa til tiltekinna réttarreglna í því sambandi en æskilegt er að greina helstu málsástæður og rök. Nægjanlegt er að viðkomandi bendi á þá annmarka sem hann telur að hafi verið á málsmeðferð stjórnvalds eða á efni ákvörðunar þess.

Rökstuðning má einnig rita á sér skjal og láta fylgja með kæru.

**Hefur kæruefnið verið lagt fyrir dómstóla eða önnur stjórnvöld?**
Hér þarf að koma fram hvort leitað hafi verið til dómstóla vegna þeirrar ákvörðunar sem kærð er og hvort ákvörðunin hafi áður verið eða sé samhliða lögð fyrir önnur stjórnvöld, svo sem úrskurðarnefnd.

**Skrá yfir skjöl og önnur gögn með kæru.**
Mikilvægt er að öll tiltæk gögn um málsatvik fylgi með kæru í afriti. Hér er æskilegt að skrá lista yfir skjölin og gögnin sem fylgja kærunni.

**Athugasemdir.**
Ef kærandi vill koma að frekari athugasemdum gerir hann það hér.

Dagsetning

Undirskrift kæranda